

Sigvaldi Hrafn Jósafatsson
Fljótaseli 6,
109 Reykjavík

17. desember 2017

Fjárlaganefnd Alþingis,
Alþingi

**Efni: 148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 3 — 3. mál.**

Í X. kafla, 29. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir frítekjumarki ellilífeyrisþega upp á 100.000 krónur vegna atvinnutekna.

Líklegt er að þessi breyting verði til þess að aukinn fjöldi ellilífeyrisþega haldi aftur út á vinnumarkaðinn, sér og þjóðfélaginu til góðs.

Þegar ellilífeyrisþegar hefja töku ellilífeyris rjúfa þeir mánaðarlega hækkun ellilífeyris um 0,5% á mánuði og upphæð ellilífeyris er þar með fest. Þessi festing heldur sér þó svo að eldri borgarar haldi aftur út á vinnumarkaðinn.

Æskilegt er því að bæta inn í 29. grein ofangreinds frumvarps, heimild til að ellilífeyrisþegar geti frestað töku ellilífeyris, á meðan þeir afla sér atvinnutekna, án þess að þess verði krafist að allur áður greiddur lífeyrir verði endurgreiddur (fyrsting), en hækkun ellilífeyris um 0,5% á mánuði haldi áfram að telja, meðan á þessari hækkun stendur.

Sú lagagrein sem þar að breyta er 17. grein laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Mér sýnist að þessi breyting, ef samþykkt verður, geti orðið öllum til góðs. Ellilífeyrisgreiðslur falla niður á meðan þessari frestun stendur (ríkið greiðir lægri upphæðir í ellilífeyri) og lífeyrisþegar njóta góðs af mánaðarlegu hækkuninni þegar og ef þeir ákveða að hefja aftur töku ellilífeyris.

Virðingarfyllt,

Sigvaldi Hrafn Jósafatsson